# Viðaukar

## 1 Svipmyndir af innlendum og erlendum efnahagsmálum í miðjum heimsfaraldri

Mynd 1

Vísbendingar um alþjóðleg efnahagsumsvif[1]




1. Öll gögn eru 7 daga hreyfanlegt meðaltal. Norðurlönd eru Danmörk, Noregur og Svíþjóð. 2. Hlutfall fólks sem talið er fullbólusett samkvæmt viðmiði heilbrigðisyfirvalda. 3. Staðfest ný smit. 4. Umfang sóttvarna vegur saman ýmsa mælikvarða á hversu hart stjórnvöld ganga fram við að draga úr útbreiðslu COVID-19. 5. Fjöldi heimsókna á veitingahús, kaffihús, verslunarmiðstöðvar, skemmtigarða, söfn og kvikmyndahús samkvæmt uppl. Goggle. Breyting frá tímabilinu 3. janúar - 6. febrúar 2020.

*Heimildir:* Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Google, Johns Hopkins University, OECD, Our World in Data, Oxford COVID-19 Government Response Tracker.

Mynd 2

Vísbendingar um innlend efnahagsumsvif[1]




1. Öll gögn eru 7 daga hreyfanlegt meðaltal nema umfang sóttvarna (frumgögn), akandi umferð (14 daga) og velta innlendra greiðslukorta og útgjöld eftir útgjaldaflokkum (28 daga). 2. Fjöldi farþega sem fóru daglega um Keflavíkurflugvöll. Tölur fyrir árið 2019 eru án farþega WOW Air. 3. Umfang sóttvarna vegur saman ýmsa mælikvarða á hversu hart stjórnvöld ganga fram við að draga úr útbreiðslu COVID-19. Hlutfall fólks sem talið er fullbólusett samkvæmt viðmiði heilbrigðisyfirvalda. 4. Akandi umferð er dagleg umferð um Hafnarfjarðarveg sunnan Kópavogslækjar, Reykjanesbraut við Dalveg í Kópavogi og Vesturlandsveg ofan Ártúnsbrekku. Greiðslukortatölur eru samtala debet- og kreditkorta útgefinna af innlendum aðilum. 5. Ýmis þjónusta á við veitingastaði, leikhús, líkamsræktarstöðvar, ferðalagaútgjöld o.fl. Heimilisútgjöld eiga við kaup á raftækjum, húsgögnum og í byggingavöruverslunum.

*Heimildir:* Covid.is, Hagstofa Íslands, Isavia, Markaðsvakt Meniga, Our World in Data, Oxford COVID-19 Government Response Tracker, Vegagerðin, Seðlabanki Íslands.

Mynd 3

## Vísbendingar af innlendum vinnumarkaði[1]




1. Tölur úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands nema skráð atvinnuleysi (án hlutabóta) og langtímaatvinnuleysi sem eru frá Vinnumálastofnun. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. 2. Árstíðarleiðréttar tölur. Brotalínur sýna meðaltal ársins 2019. 3. Atvinnuleysi sýnt sem hlutfall af mannafla en slaki á vinnumarkaði sem hlutfall af mannafla með mögulegri viðbót. Árstíðarleiðréttar tölur. 4. Fjöldi einstaklinga sem hefur verið á atvinnuleysisskrá lengur en 12 mánuði.

*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.